

Lög

um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- Í stað orðanna „skulu hafa lagagildi hér á landi“ í 1. málsl. kemur: skulu, að undanskildum viðauka við reglugerðina, hafa lagagildi hér á landi.
- Í stað orðsins „Reglugerðin“ í 2. málsl. kemur: Reglugerðin, að undanskildum viðaukanum.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða á um að viðauki við reglugerð skv. 1. mgr. og breytingar á honum, sem innleiddar hafa verið, skuli hafa reglugerðargildi hér á landi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmunum neytenda.

2. gr.

- tölul. 1. gr. laganna orðast svo: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

III. KAFLI

Innleiðing á tilskipun og gildistaka.

3. gr.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti).

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 24. júlí 2009.